

sjóði. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður, kr. 275.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Viðari Stefánssyni, kr. 860.000 með 13% ársvöxtum frá 23. janúar 1975 til greiðsludags.

Málkostnaður stefnanda, kr. 300.000, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns hans, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, kr. 275.000.

Mánudaginn 10. desember 1979.

Nr. 118/1978. **Alexander Sigurðsson og
Sigurður Guðbrandsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1978. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 2. mars 1978, er munnlegur málflutningur fór fram, verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara er aðallega krafist sýknu alveg eða að hluta, en til þrautavara sýknu að svo stöddu. Þá krefjast áfrýjendur málkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Allmörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. endurrit lögreglurannsóknar, sem fram fór vegna kæru áfrýjandans Alexanders Sigurðssonar á hendur starfsmönnum stefnda. Með bréfi ríkissaksóknara 6. þ. m. var eigi krafist frekari aðgerða vegna greindrar kæru.

I.

Kröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins byggja áfrýjendur á því, að héraðsdómara hafi borið að úrskurða sérstaklega um framkomna kröfu um frest í málinu, áður en efnisdómur yrði á það lagður, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936.

Héraðsdómara hefði verið rétt að kveða upp sérstakan úrskurð um kröfuna um frest. Það gerði hann ekki, og er það aðfinnsluvert. Með því aftur á móti að taka til úrlausnar í einu lagi frestkröfuna og efnishlið máls fólst synjun á að veita frest, þó að þess sé ekki berum orðum getið í hinum áfrýjaða dómi.

Þrátt fyrir þessa annmarka á málsmeðferð, þykja eftir atvikum ekki efni til að ómerkja meðferð málsins og vísa því heim í hérað.

II.

Hér er um víxilmál að ræða, þar sem kröfur stefnda byggjast á tveim víxlum, sem afsagðir voru vegna greiðslufalls. Gegn andmælum stefnda hafa áfrýjendur ekki haft uppi neinar þær varnir um efni máls, sem koma má að í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, og hafa ekki heldur sýnt fram á, að ákvæði 2. mgr. 69. gr. laga þessara eigi hér við. Ber að svo vöxnu máli að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn 700.000 krónur.

Í aðiljaskýrslu áfrýjandans Alexanders Sigurðssonar eru

óþingleg ummæli um starfsmenn stefnda. Ber að víta þau. Ótillhlýðilegt var af fyrri lögmanni áfrýjenda, Sigurði Helgasyni hæstaréttarlögmanni, að taka ummæli þessi efnislega upp í greinargerð sína.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjendur, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 700.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. mars 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 2. mars sl., hefur bankastjórn Landsbanka Íslands, Reykjavík, f. h. bankans höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 3. nóvember 1977, gegn Stálvirkjanum h/f, Skeifunni 5, Reykjavík, Alexander Sigurðssyni, Sogavegi 138, Reykjavík, Hermannni Svavarsyni, Ránargötu 32, Reykjavík, og Sigurði Guðbrandssyni, Sogavegi 138, Reykjavík.

Við þingfestingu málsins var fallið frá kröfum á hendur Hermannni Svavarsyni, þar sem ekki tókst að birta honum stefnu.

Málið er höfðað in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5.200.000 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.500.000 frá 14. janúar 1977 til 19. janúar s. á., en af kr. 5.200.000 frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.800 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu Alexander og Sigurður hafa látið sækja þing, og skiluðu þeir greinargerð þann 13. desember sl., og var málinu þá jafnframt vikið til venjulegrar meðferðar.

Þessir stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara sýknu að svo stöddu, auk ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda, hver sem málalok verða.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Af hálfu stefnda Stálvirkjans h/f hefur ekki verið sótt þing.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt tveimur víxlum að fjárhæð kr. 2.500.000 og kr. 2.700.000, útgefnum 14. október 1976 og 19. október 1976 af Alexander Sigurðssyni og samþykktum af Stálvirkjanum h/f til greiðslu 14. janúar 1977 í Landsbanka Íslands og 19. janúar 1977 í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, með ábekingum, útgefanda, Hermannni Svavarssyni og Sigurði Guðbrandssyni.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur.

III.

Stefndu Alexander og Sigurður styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að áritanir þeirra á víxlana, dskj. nr. 2 og 3, séu þess háttar löggerningar, að þeir séu eigi skuldbundnir af þeim, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Áskilji þeir sér rétt til þess að láta reyna á það siðar, ef þurfa þykir, hvort ákvæði 14. og 26. kafla laga nr. 19/1940 eigi hér við, einkum þær greinar í köflum þessum, er styðji fyrrnefnda tilvitnun í samningalögin. Sömuleiðis áskilja þeir sér rétt til þess að krefja stefnanda fullra bóta fyrir allt það tjón, miska og óþægindi, sem málarekstur þessi kunni að valda þeim.

Varakröfu sína styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi hafi skuldbundið sig til þess að fresta innheimtuaðgerðum á hendur þeim, uns vitað verði, hvort þrotabú stefnda Stálvirkjans h/f geti greitt eða vilji greiða víxla þessa. Hafi milligöngumaður fyrir hönd stefndu fengið loforð fyrirsvarsmanns eða manna stefnanda í þessa veru.

Stefndu vefengja, að kröfubréf hafi verið sent, eftir að þetta loforð var gefið.

IV.

Í réttarhaldi þann 1. mars sl. krafðist lögmaður stefndu frests til þess að leiða aðilja og vitni fyrir dóm og afla gagna.

Lögmaður stefnanda synjaði um frest og kvað mál þetta vera víxilmál og fengju engar varnir komist að aðrar en víxilvarnir, sbr. 17. kafla laga nr. 85/1936. Stefndu hafi engar slíkar varnir haft og það, sem ætlunin sé að leiða í ljós með aðilja- og vitna-skýrslum, séu ekki varnir í víxilmáli.

Lögmaður stefndu krafðist þá úrskurðar um þetta atriði, og fór munnlegur málflutningur fram 2. mars sl. Var málið þá jafnframt flutt um efnishlið.

V.

Mál þetta er víxilmál. Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem eru í samræmi við málavaxtalýsingu hans að öllu leyti, og er stefnandi formlega löglegur handhafi víxlanna fyrir eyðuframsal.

Í 17. kafla laga nr. 85/1936 er fjallað um víxilmál.

Ætlunin með þeim sérreglum, sem þar eru, virðist vera sú, að gera víxilmálin sem einföldust og gera með því málssóknina greiða fyrir sækjanda. Með reglum þessum er verið að girða fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxlana liggja, verði dregin inn í víxilmál, og er með því verið að tryggja gildi víxl-skuldar sem formskuldar.

Stefndu Alexander og Sigurður hafa ekki haft uppi neinar þær varnir, sem koma má að skv. 208. gr. laga nr. 85/1936, og öðrum vörnum verður ekki komið að án samþykkis stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda á hendur þessum stefndu teknar til greina að öllu leyti.

Eins og áður er getið, hefur ekki verið sótt þing af hálfu stefnda Stálvirkjans h/f, og verður því mál þetta dæmt gagnvart honum samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessum stefnda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 735.000, sem stefndu greiði allir in solidum.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist sökum embættis-anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Stálvirkjinn h/f, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, greiði in solidum stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 5.200.000 með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 2.500.000 frá 14. janúar 1977 til 19. janúar s. á., en af kr. 5.200.000 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 3.800 í afsagnarkostnað og kr. 735.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.